

Leiðarbók í samfélagsfræði

8. bekkur haust 2006

Verkefnið

Kennarar vinna í hópum að sjálfvöldu verkefni sem felur í sér skipulega útfærslu á tiltekinni námsmatsaðferð. Markmiðið er að prófa áhugaverða aðferð eða skipulag með markvissum hætti í því skyni að hægt sé að draga að því einhvern lærdóm. Gögnum um verkefnið er haldið til haga og mat lagt á starfið. Í lokin er skilað stuttri skýrslu, bæði skriflega (gjarnan þannig að hún geti verið aðgengileg á vef) og munnlega (á innanhúsráðstefnu vorið 2007). Í þessu verkefni stefnum við að því að læra hvert af öðru um leið og við vinnum skipulega að því að bæta námsmatsaðferðir skólans!

Heiti verkefnisins

Leiðarbók í samfélagsfræði haust 2006

Þátttakendur

8. bekkur, kennari og foreldrar nemenda

Skilgreining / afmörkun

Leiðarbók í samfélagsfræði. Nemendur hafa þar inn þau verkefni sem unnin eru í tengslum við bókina Í fullorðinna tölu.

Meginmarkmið

- Að auka fjölbreytni námsmats á persónulegum grundvelli.
- Að hvetja nemendur til að ganga vel frá verkefnum
- Að auka ábyrgð nemenda á náminu og gera þeim ljósan tilgang námsmats (hver er staða mín? Hef ég náð markmiði mínu? Hver eru sóknarfærin? Hverjir eru styrkleikar/veikleikar mínir?)
- Að auka virkni nemenda.
- Að hvetja nemendur til að vinna að skapandi ritun.
- Að kennarar fái heildstæðari mynd af nemendum og námsstöðu þeirra.

Útfærsla

Verkefninu skal skila tölvuunnu í fallegrri möppu skreytttri af nemandanum sjálfum (gott að nota teygjumöppu úr pappa). Fremst skal vera efnisyfirlit yfir verkefni og svo inngangur að möppunni. Í lokin er svo samantekt nemandans á verkefninu í heild.

Átján færslur (verkefni frá kennara)

Ferming (vangaveltur og upplýsingaleit)

Uppruni fermingar að kristnum sið (upphaf skólagöngu, á elliheimili, heimildaverkefni, fermingar á Íslandi, heimafræðslan og fermingar, fermingaraldur og fermingar á Norðurlöngum)

Bréf segja sögu (Bréf til foreldra, verkefni um þorlák, hverjir skrifa bréfin og ferming og möguleiki á menntun kynjanna)

Unglingar á fermingaraldri á mismunandi tímum á Íslandi (persónurnar sem skrifa bréfin, þinn unglingur og skýrsla um um unglinginn þinn)

Þáttaskil í lífinu í öðrum menningarsamfélögum og trúarbrögðum (mismunandi manndómsvígslur)

Mat

Kennari heldur dagbók á meðan á verkefninu stendur.

- Efni sem unnið er með
- Hvernig gekk að kynna efnið fyrir nemendum.
- Úrvinnsla í tímanum
- Virkni nemenda
- Það sem betur má fara

Verkefnið í heild metið.

Leiðarbók í samfélagsfræði

Haust 2006

8. bekkur

Gildir 30% af annareinkunn í samfélagsfræði
Skiladagur 10. desember 2006

Leiðarbók er verkefnabók sem nemendur búa til sjálfir. Nemendur halda leiðarbók um námið sem eins konar ferð um óþekktar slóðir. Nemendur skrá hugleiðingar sínar um efnið og svör við þeim spurningum sem kennari leggur fyrir. Til að geta svarað spurningum þurfa nemendur að leita svara í námsbókinni, heima, í gömlum heimildum, í dagblöðum og á netinu. Með því að leggja verkefnið svona fram er verið að hvetja nemendur til að vinna að skapandi ritun.

Það sem leiðarbókin á að innhalda:

Átján færslur (verkefni frá kennara)

Ferming (vangaveltur og upplýsingaleit)

Uppruni fermingar að kristnum sið (upphaf skólagöngu, á elliheimili, heimildaverkefni, fermingar á Íslandi, heimafræðslan og fermingar, fermingaraldur og fermingar á Norðurlöngum)

Bréf segja sögu (Bréf til foreldra, verkefni um Þorlák, hverjir skrifa bréfin og ferming og möguleiki á menntun kynjanna)

Unglingar á fermingaraldri á mismunandi tímum á Íslandi (persónurnar sem skrifa bréfin, þinn unglingur og skýrsla um um unglinginn þinn)

Þáttaskil í lífinu í öðrum menningarsamfélögum og trúarbrögðum (mismunandi manndómsvígslur)

Mat nemanda á leiðarbók

Umsögn nemanda um verkefni að eigin vali, vinnuferlið og úrlausnir

Umsögn fullorðins heima um valið verkefni

Mat kennara á völdu verkefni

Frágangur.

Verkefninu skal skila tölvuunnu í fallelgru möppu skreytttri af nemandanum sjálfum (gott að nota teygjumöppu úr pappa). Fremst skal vera efnisyfirlit yfir verkefni og svo inngangur að möppunni. Í lokin er svo samantekt nemandans á verkefninu í heild.